

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Það hefur sýnt sig að öll gjöld, að ég held, sem hafa verið tekin fyrir hitt og þetta skila sér ekki að fullu til þeirra verkefna sem þau eru eyrnamerkt. Það á t.d. um hluta eldsneytisgjalds sem á að fara í uppbyggingu vega, en skilar sér ekki í það. Svo má benda á útvarpsgjaldið sem fer ekki að fullu til RÚV. Svona mætti lengi telja. Þetta er ekkert nema aukaskattur og að mínu viti borga ég alveg meira en næga skatta. Þegar hluti af nefskatti, eins og taldir eru upp hér að ofan, fara ekki til unræddra verkefna þá tel ég þetta vera þjófnað. Já ég tel að Ríkissjóður steli peningum sem fara eiga annað. Þar af leiðandi eru fjármálaráðherra og fleiri ráðherrar þjófvar af verstu gerð auk þeirra alþingismanna sem samþykkja þennan þjófnað. Þar af leiðandi er ég EKKI að sjá að þessir fjármunir sem myndu koma inn af þessum veggjöldum munu skila sér að fullu til vegamála. Þeir myndu engan veginn gera það, miðað við fyrri reynslu af aukasköttum.

Virðingafyllt

Grétar William Guðbergsson